

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 12. mars 2019  
UST201902-175/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis - tillaga - Brúnir 1-Rangárþingi eystra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 1,6 ha svæðis úr landi Brúna við Suðurlands- og Landeyjarhafnarveg.

Í greinargerð kemur fram að nýta á núverandi bílastæði Vegagerðarinnar innan svæðisins og að kvöð er um aðkomu frá Landeyjahafnarvegi. Einnig kemur fram að áætlaðar framkvæmdir felast í að reist verður verslunar- og þjónustumiðstöð allt að 115 m<sup>2</sup> og að gerð verða 100 bílastæði fyrir fólksbíla og 6 rútubílastæði. Einnig verða hleðslustöðvar og ruslagámar staðsett á lóðinni.

Umhverfisstofnun bendir á að stöðin verður afar sýnileg frá Suðurlandsvegi og tekur stofnunin undir mikilvægi þess að framkvæmdir falli vel að umhverfinu, til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif. Einnig tekur stofnunin undir það að áhersla verður lögð á að umhverfisrask verði sem minnst af áætluðum framkvæmdum, og að rask nái ekki út fyrir áætlað framkvæmdasvæði.

### **Niðurstaða**


Umhverfisstofnun telur jákvætt að áætlað framkvæmdasvæði sem var 4 ha í lýsingu hefur verið minnkað í 1,6 ha. Framkvæmdasvæði er nú áætlað 230 m löng og 70 m breið spilda meðfram Landeyjarhafnarvegi.

Einnig telur stofnunin jákvætt að ofangreint framkvæmdasvæði er talið að muni létta á viðkvæmum svæðum s.s. við Hamragarða og Seljalandsfoss hvað varðar þjónustupörf ferðamanna.

Ofangreint framkvæmdasvæði er á svæði sem er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar og því er afar mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask á

framkvæmdatíma og að allar framkvæmdir verði felldar að umhverfinu til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif, og að framkvæmdum/raski sem haldið innan framkvæmdasvæðis.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur